

Fundur Græns Teymis þriðjudaginn 21. maí 2019 – Mættir voru Davíð Gunnarsson, Hildur Dagbjört Arnardóttir, Lína Björg Tryggvadóttir og María Maack

1. Kynning á verkefninu- Verkefnið ætlar að standa að viðburði þar sem fjalla á um umhverfismál. Horft er til funda sem aðrir landshlutar eru að halda um málefnið. Tillaga um að skoða leið sem Háskóli Íslands fór með Háskólalestina og hafa þá viðburðinn einskonar „umhverfislest“ sem færi um Vestfirði. Verkefnastjóri og Grænt teymi mun vinna að hugmyndinni fram að næsta fundi og senda pósta milli funda með tillögum.

Einnig fjallað um skilti sem á að setja upp við inngang Vestfjörða. Hildur fengin til að vinna hugmyndir að skiltinu og María fer í að skoða staðsetningu og leita eftir tilboðum í gerð þriggja skilta.

2. Fjallað um fund Framkvæmdarráðs sem fór fram mánudaginn 20 maí.
3. Grænt teymi – Komin er tími að leggja aftur fyrir tilnefningu til Framkvæmdarráðs varðandi Grænt teymi. Fengin var staðfesting á því að núverandi aðilar í Grænu teymi hafi áhuga á að starfa áfram og staðfestu fundarmenn að svo væru.
4. Viðurkenning – Lög fram hugmynd sem snýr að veita viðurkenningu til sveitarfélaga og einstaklinga sem standa sig vel. Ákveðið að leggja út með að skoða gögn frá sveitarfélögum og sjá hvaða sveitarfélag hefur náð mestum árangri í að bæta sig á síðustu árum. Einnig skoðað hvernig á að veita einstaklingum viðurkenningu. Verkefnastjórar halda áfram að vinna að þessu verkefni.
5. Græn skref- Hildur Dagbjört hefur verið í úttekt á sunnanverðum Vestfjörðum og gekk það mjög vel og margir sem fengu skref. Fara þarf í áttak til að ná fleirum stofnunum inn í verkefnið. Hildur mun senda gögn varðandi þá sem hafa náð skrefi.
6. Önnur mál –

Plastpokalausir Vestfirðir – Fjallað um stöðu mála hvernig á að láta verkefnið halda áfram. Verkefnastjóri ætlar að tala við sveitarfélögin og sjá hver þeirra afstaða er.

Fundi slitið kl. 09.30